

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag Hagahverfis og deiliskipulagsbreyting á reit 28 og Naustagötu.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. maí 2014 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir Hagahverfi, 3. áfanga Naustahverfis og deiliskipulagsbreytingu fyrir reit 28 og Naustagötu.

Deiliskipulagið felur m.a. í sér að skipulagt er nýtt íbúðahverfi með sérbýlis- og fjölbýlishúslóðum ásamt lóðum fyrir þjónustu og verslun.

Deiliskipulagsbreytingin á reit 28 og Naustagötu felur í sér að skipulagsmörk eru samræmd nýju skipulagi Hagahverfis og brú á Naustabraut felld út.

Deiliskipulag Glerárvirkjunar II.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. maí 2014 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir Glerárvirkjun II á Glerárdal.

Deiliskipulagið felur í sér að m.a. er gert ráð fyrir 6 m hárrí stíflu í Glerá ofan Glerárgils sem myndar um 1,0 ha lón. Stöðvarhús verður í Réttarhvammi og 6 km niðurgrafin þrístipípa verður frá lóni að stöðvarhúsi. Efnislosun og geymslusvæði er við Réttarhvamm og áningastaðir og göngustígur eru skipulagðir á Glerárdal.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 3. júní 2014,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2014